

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 6. nóvember 2025
202509-0166/P.V.B.
08.03

Efni: umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka úr Undirhlíðum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 29. september 29.9.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Undirhlíðum.

Í greinargerð kemur fram að áformað er að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sem liggur við Leiðarendaveg. Efnistaka hefur farið fram norðan vegarins og er umfang áætlað á bilinu 3-5 milljón rúmmetra, en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um umfangið. Árið 2009 var náman norðan vegar fullnýtt og henni lokað en ekki var hafist handan við efnistöku sunnan vegar. Nú eru uppi áform að hefja efnistöku að nýju og fara þá inn á svæðið sunnan vegarins.

Efnistökusvæðið er innan Reykjanesfólkvangs sem er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 52071975.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun gerir athugasemdir við það að athuganir á fuglalífi hafi ekki farið fram á varptíma til að meta varpþéttleika á svæðinu.

Ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásýnd svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að í næsta nágreanni við námusvæðið eru vinsæl útivistarsvæði og áningarstaðir. Ekki kemur fram hvort breytingar á ásýnd svæðisins muni verða sýnilegar frá þeim á framkvæmdartíma. Aðeins er fjallað um ásýnd næst fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem námustállíð er bratt á fyrirhuguðu efnistökusvæði er nauðsynlegt að frágangur fari fram samhliða efnistöku.

Gróðurfar

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að til standi að nýta staðargróður við uppgræðslu á svæðinu. Stofnunin bendir á að fræ lúpínu geta leynst í umframjarðvegi sem til stendur að haugsetja á börmum efnistökusvæðisins og síðar nýtt við frágang á svæðinu. Hætta er þá á að lúpína dreifist um uppgræðslusvæðið nema sé jarðvegur af lúpínusvæðinu nýttur í frágang á yfirborði.

Gönguleiðir

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að námureksturinn hamli ekki umferð gangandi um svæðið. Samkvæmt korti í umhverfismatskýrslunni mun efnistökusvæðið skera í sundur gönguleiðir sem liggja um svæðið og jaðra þess. Ekki kemur fram hvort um sé að ræða stikaðar/greinilegar gönguleiðir eða hvort um sé að ræða leiðir sem eru hnitsettar. Koma þyrfti fram hvernig tryggt verði að göngufólk geti áfram nýtt leiðirnar með öruggum hætti og færa þær út fyrir efnistökusvæðið.

Reykjanesfólkvangur og leyfisskylda

Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 520/1975 um friðlýsingu Reykjanesfólkvangs er allt jarðrask bannað innan fólkvangsins nema leyfi Náttúruverndarstofnunar komi til. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildi ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar bæði vegna alls jarðrasks sem tengist námurekstrinum og færslu á Leiðarendavegi.

Virðingarfyllst,

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur